

## Svar

### félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um skerðingar á lífeyri almannatrygginga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hversu mikið skertist lífeyrir almannatrygginga á árinu 2018 vegna:
  - a. atvinnutekna lífeyrisþega,
  - b. greiðslna til lífeyrisþega úr lífeyrissjóðum,
  - c. tekna lífeyrisþega annarra en atvinnutekna og greiðslna úr lífeyrissjóðum?
2. Hversu margir í heild og hversu hátt hlutfall lífeyrisþega sætti skerðingum vegna:
  - a. atvinnutekna,
  - b. greiðslna úr lífeyrissjóðum,
  - c. tekna annarra en atvinnutekna og greiðslna úr lífeyrissjóðum?

Svör óskast sundurliðuð eftir því hvort ræðir um elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Hér á eftir er tafla sem sýnir skerðingu lífeyris almannatrygginga á árinu 2018 vegna þeirra tekjutegunda sem fyrirspurnin lýtur að. Taflan sýnir jafnframt fjölda og hlutfall þeirra lífeyrisþega sem sættu skerðingum vegna umræddra tekna. Svör eru sundurliðuð eftir því hvort um er að ræða elli-, örorku- eða endurhæfingarlífeyrisþega.

	Skerðing	Fjöldi skertir	Fjöldi alls	Hlutfall skertra
<b>Ellilífeyrisþegar</b>				
Atvinnutekjur	1.076	1.442	35.849	4,0%
Lífeyrissjóðstekjur	34.192	33.189	35.849	92,6%
Allar aðrar tekjur	4.639	30.952	35.849	86,3%
Allar tekjur	39.114	33.859	35.849	94,4%
<b>Örorkulífeyrisþegar</b>				
Atvinnutekjur	4.074	5.089	19.400	26,2%
Lífeyrissjóðstekjur	8.663	9.565	19.400	49,3%
Allar aðrar tekjur	1.096	9.305	19.400	48,0%
Allar tekjur	15.726	18.141	19.400	93,5%
<b>Endurhæfingarlífeyrisþegar</b>				
Atvinnutekjur	278	678	1.937	35,0%
Lífeyrissjóðstekjur	414	408	1.937	21,1%
Allar aðrar tekjur	92	1.262	1.937	65,2%
Allar tekjur	881	1.819	1.937	93,9%

Taflan er fengin frá Tryggingastofnun ríkisins og miðast við réttindastöðu í júlí 2018.